

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Búðahreppi.

Sveitarstjórn Búðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. september 2001 deiliskipulag neðan Búðavegar frá smábátahöfn að hafskipabryggju. Komið er á tengingu frá smábátahöfn að hafskipabryggju á nýrri fyllingu í fjöruborðinu, númerum og lóðamörkum við Hafnargötu og Búðaveg breytt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðum, 26. október 2001.

Sveitarstjóri Búðahrepps,

Steinþór Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

Í stað „I og II“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. komi: I, II, III og IV.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Breidd bifreiðar og eftirvagns má mest vera 2,55 m. Breidd yfirbyggingar jafnhitavagns má mest vera 2,60 m.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Skráningarstofan hf. getur veitt undanþágu frá ákvæðum um mestu lengd vagnlesta, allt að 25,25 metrum, þar sem hagkvæmt þykir vegna almennra flutninga.

Skilyrði fyrir útgáfu undanþágu er:

- a. Vagnlestinni skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 2,00 m radíus í innri hring. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir bifreið og tengivagn ef fjarlægð frá framenda bifreiðar að miðju aftasta áss tengivagns er ekki meiri en 22,50 m og mál frá miðju snúningskrans tengivagns til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 8,15 m.
- b. Lengd farmrýmis eftirvagns má ekki vera meiri en 13,60 m.
- c. Bifreið og eftirvagn skulu búin hemlum með læsivörn.
- d. Bifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.
- e. Aftan á eftirvagni skal vera merki með áletruninni „UNDANÞÁGA VEGNA LENGÐAR“ og merki sem sýnir leyfðan hámarks hraða vagnlestar, sbr. viðauka III. Leyfi skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Leyfi skal bundið við þá vegi og þann tíma sem greinir í viðauka IV. Lögreglustjóri getur takmarkað umferð vagnlesta umfram það sem þar greinir ef sérstaklega stendur á. Um aðra vegi og tíma gilda ákvæði 10. gr. a um undanþágu vegna sérstakra flutninga.

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu getur varðað afturköllun leyfis.

Undanþágu má gefa lengst út til 15. nóvember 2003. Undanþágur samkvæmt greininni má afturkalla ef ástæða þykir til vegna umferðaröryggis.

4. gr.

10. gr. verður 10. gr. a.

Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu getur varðað afturköllun leyfis.

5. gr.

Viðauki III breytist eins og segir í viðauka I.

6. gr.

Við bætist nýr viðauki, viðauki IV, eins og segir í viðauka II.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 15. nóvember 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI I.

Viðauki III orðist svo:

Merki.

- a. Skiltið „LANGT ÖKUTÆKI“ skal vera ferhyrnt. Grunnur skiltis skal vera gulur, jaðar rauður og stafir svartir. Lengd skiltisins skal að lágmarki vera 900 mm með a.m.k. 25 mm jaðri. Hæð stafa skal vera a.m.k. 70 mm og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.
- b. Skiltið „UNDANÞÁGA VEGNA LENGÐAR“ skal vera ferhyrnt. Grunnur skiltis skal vera gulur, jaðar rauður og stafir svartir. Lengd skiltisins skal að lágmarki vera 900 mm með a.m.k. 25 mm jaðri. Hæð stafa skal vera a.m.k. 70 mm og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.
- c. Skilti um leyfðan hámarkshraða skal vera hringlaga, 200 mm að þvermáli og með svörtum jaðri. Tölustafirnir skulu vera svartir og hæð þeirra 120 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift. Áletrun skal vera „80“.

VIÐAUKI II.

Nýr viðauki, viðauki IV, orðist svo:

VIÐAUKI IV.

Undanþága fyrir vagnlestir (vegir og tími) samkvæmt 10. gr.

A. Akstur vagnlesta sem undanþágu hafa samkvæmt 10. gr. er óheimill:

- a. Um helgar frá kl. 18.00 á föstudegi til kl. 24.00 á sunnudegi og á almennum frídögum frá kl. 00.00 til kl. 24.00.
- b. Um páska frá kl. 00.00 á miðvikudegi fyrir páska til kl. 08.00 á þriðjudegi eftir páska, um hvítasunu og verslunarmannahelgi frá kl. 00.00 á föstudegi til kl. 08.00 á þriðjudegi og um jól frá kl. 00.00 á aðfangadegi til kl. 08.00 þriðja í jólum.

B. Undanþága samkvæmt 10. gr. gildir á eftirtöldum þjóðvegum:

- 1 Hringvegi, þó ekki frá Mývatnsvegi (848) hjá Arnarvatni að Kísilvegi (87) hjá Reykjahlíð og frá Egilsstöðum að Suðurfjarðavegi (96) við Breiðdalsvík
- 38 Þorlákshafnarvegi, frá Þorlákshöfn að Þrengslavegi (39)
- 39 Þrengslavegi
- 40 Hafnarfjarðarvegi
- 41 Reykjanesbraut
- 43 Grindavíkurvegi
- 44 Hafnavegi
- 45 Garðskagavegi
- 46 Víknavegi
- 49 Nesbraut, frá Hringvegi (1) að Reykjanesbraut (41) við Ánanaust
- 413 Breiðholtsbraut
- 419 Höfðabakka, frá Nesbraut (49) að Reykjanesbraut (41)
- 421 Vogavegi
- 425 Nesvegi
- 453 Sundagörðum
- 454 Holtagörðum
- 470 Fjarðarbraut, þó ekki frá Norðurbakka að Fornubúðum
- 4540 Víðinesvegi, frá Hringvegi (1) að Sorpu
- 51 Akrafjallsvegi
- 54 Snæfellsnesvegi, frá Hringvegi (1) að Vatnaleið (56) við Vegamót og frá Útnesvegi (574) við Fróðá að Stykkishólmsvegi (58)
- 56 Vatnaleið
- 58 Stykkishólmsvegi
- 574 Útnesvegi, frá Rífi að Snæfellsnesvegi (54) við Fróðá
- 72 Hvammstangavegi
- 74 Skagastrandarvegi
- 75 Sauðárkróksbraut
- 76 Siglufjarðarvegi, frá Sauðárkróksbraut (75) til Siglufjarðar
- 82 Ólafsfjarðarvegi, frá Hringvegi (1) til Ólafsfjarðar
- 83 Grenivíkurvegi
- 85 Norðausturvegi, frá Hringvegi (1) til Húsavíkur
- 845 Aðaldalsvegi
- 848 Mývatnsvegi
- 87 Kísilvegi

- 93 Seyðisfjarðarvegi
- 92 Norðfjarðarvegi
- 96 Suðurfjarðavegi.

Auk þess gildir undanþágan á eftirtöldum götum í *Reykjavík*:
Sægorðum, Kleppsmýrarvegi, Skútuvogi, Grandagarði og Faxagötu.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-
ráðs hefur verið ákveðið bann við lagningu ökutækja austanmegin Skólabæjar.
Auglýsing þessi tekur gildi 2. nóvember 2001.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 30. október 2001.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Breiðdalshrepp, kt. 480169-0779 til að reka *sorpurðunarstað á Heydalamelum, Breiðdalshreppi*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 27. júlí 2004.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ingólf Sveinsson, kt. 090447-2629 til að reka *sorpurðunarstað í landi Syðri-Kárastaða, Húnaþingi vestra*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2003.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sementverksmiðjuna hf. á Akra-nesi*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. ágúst 2008.

Hollustuvernd ríkisins, 16. ágúst 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.